

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/499

2019/EES/49/43

frá 25. mars 2019

um ákvæði um áframhald verkefna á sviði hreyfanleika í námi sem þegar eru hafin innan ramma áætlunarinnar Erasmus+, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, í tengslum við úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 165. gr. og 4. mgr. 166. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, þ.e. frá 30. mars 2019, nema leiðtogaráðið ákveði einróma, í samráði við Bretland, að framlengja það tímabil.
- 2) Úrsögnin verður á áætlunartímabili áætlunarinnar Erasmus+ fyrir árin 2014-2020 sem Bretland tekur þátt í.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1288/2013 ⁽³⁾ kemur á fót áætluninni Erasmus+ og fjallar um hana. Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um reglur sem kveða á um áframhald lagalegra skuldbindinga, sem þegar hefur verið gengist undir, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, með tilliti til verkefna á sviði hreyfanleika í námi sem þegar eru hafin með þátttöku Bretlands, eftir úrsögn þess úr Sambandinu.
- 4) Frá og með deginum þegar sáttmálarnir gilda ekki lengur um Bretland hætta Bretland að vera land innan áætlunarinnar í skilningi 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013. Til þess að koma í veg fyrir að núverandi þátttakendur í Erasmus+ þurfi að gera hlé á verkefnum sínum á sviði hreyfanleika í námi, sem þegar eru hafin, ætti að aðlaga reglur um það hvaða verkefni á sviði hreyfanleika í námi samkvæmt áætluninni Erasmus+ eru aðstoðarhæf.
- 5) Framkvæmdastjórnin og Bretland ættu að koma sér saman um eftirlit og endurskoðun á þessum verkefnum á sviði hreyfanleika í námi, sem þegar eru hafin, í þeim tilgangi að halda áfram að fjármagna þau af fjárlögum Sambandsins. Ef ekki er hægt að koma á nauðsynlegu eftirliti og endurskoðun ætti að líta á það sem alvarlegan annmarka á stjórnunar- og eftirlitskerfinu.
- 6) Þar eð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e.a.s. að kveða á um áframhald verkefna á sviði hreyfanleika í námi sem hófust, með þátttöku Bretlands, eigi síðar en á þeim degi þegar sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland, verður ekki náð með fullnægjandi hætti í aðildarríkjunum, en verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 851, 27.3.2019, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins (biður birtingar).

⁽¹⁾ Álit frá 20. febrúar 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 13. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 19. mars 2019.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1288/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót „Erasmus+“: áætlun Sambandsins um menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir og um niðurfellingu ákvarðana nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 50).

getur Sambandið samþykkt ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í þessari reglugerð er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur til að ná því markmiði, í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í þeirri grein.

- 7) Í ljósi þess að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland 30. mars 2019 ef ekki liggur fyrir útgöngusamningur eða framlenging á því tveggja ára tímabili sem hófst við tilkynningu Bretlands og í ljósi þess að nauðsynlegt er að tryggja, fyrir útgöngudag Bretlands úr Sambandinu, áframhald verkefna á sviði hreyfanleika í námi innan ramma áætlunarinnar Erasmus+, sem þegar eru hafin, var talið rétt að setja fram undanþágu frá átta vikna frestinum sem um getur í 4. gr. bókunar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu, sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.
- 8) Áriðandi er að þessi reglugerð öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún ætti að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland nema útgöngusamningur við Bretland hafi öðlast gildi fyrir þann dag.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði um áframhald verkefna á sviði hreyfanleika í námi, sem þegar eru hafin og um getur í 7. og 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013, sem eru framkvæmd í Bretlandi eða taka til aðila eða þátttakenda frá Bretlandi og hefjast eigi síðar en á þeim degi þegar sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland.

2. gr.

Aðstoðarhæfi

1. Verkefni á sviði hreyfanleika í námi, sem um getur í 1. gr., skulu áfram teljast aðstoðarhæf með tilliti til fjármögnunar.
2. Við beitingu ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013 og þeirra gerða, sem koma henni til framkvæmda og nauðsynlegar eru til að 1. mgr. taki gildi, skal líta á Bretland sem aðildarríki, sbr. þó þessa reglugerð.

Fulltrúar Bretlands skulu þó ekki taka þátt í þeirri nefnd sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013.

3. gr.

Eftirlit og endurskoðun

Framkvæmdastjórnin og yfirvöld í Bretlandi skulu koma sér saman um beitingu þeirra reglna sem varða eftirlit og endurskoðun verkefna á sviði hreyfanleika í námi sem um getur í 1. gr. Eftirlitið og endurskoðunin skal taka til alls tímabils verkefna á sviði hreyfanleika í námi og tengdrar eftirfylgni.

Ef ekki er unnt að framkvæma nauðsynlegt eftirlit með og endurskoðun á áætluninni í Bretlandi skal það teljast vera alvarlegur annmarki við að uppfylla helstu skuldbindingar við framkvæmd lagalegu skuldbindingarinnar milli framkvæmdastjórnarinnar og landsstofnunarinnar í Bretlandi.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Þessi reglugerð skal þó ekki koma til framkvæmda ef útgöngusamningur, sem gerður er við Bretland í samræmi við 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, hefur öðlast gildi fyrir þann dag sem um getur í annarri málsgrein þessarar greinar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. mars 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.
